

EF NÝRUN GEFA SIG

Þessu fréttabréfi fylgir gjöf – mynddiskur af fræðslumyndinni *Ef nýrun gefa sig*. Stjórnin ákvað að gefa hverjum félagsmanni eintak.

Myndin var sýnd í Sjónvarpinu sl. vor og vakti mikla athygli. Tölvupóstum og símtölum rigndi yfir stjórnarmenn þar sem fólk lýsti ánægju sinni. Þótt myndin sé aðgengileg á heimasíðu félagsins nyra.is var ákveðið að láta gera mynddiska til dreifingar. Á diskinum er bæði hægt að velja íslenskan og enskan texta sem mun koma sér vel – bæði fyrir þá sem heyra illa eða ekki og þá sem skilja betur ensku en íslensku.

Fyrir lítið félag eins og okkar var það stórvirki að ráðast í gerð myndarinnar og hefði ekki tekist án hvatningar Runólfs Pálssonar yfirlæknis. Og Runólfur gerði meira en að hvetja okkur, hann sá meðal annars um alla læknisfræðilega ráðgjöf og yfirferð á enska textanum.

Við hvetjum alla til þess að lána diskinn “út um allt”. Því tilgangurinn með þessu öllu saman er að fræðsla um nýrun og meðferðarkosti við lokastignýrnabilun nái til sem flestra. Þeir sem vilja kaupa disk til gjafa er bent á að hafa samband við félagið.

Ábyrgðarmaður: Jórunn Sörensen



FRÉTTABRÉF

6. tbl. 23. árg. nóvember 2010

Meðal efnis:

- Tónleikar til styrktar félaginu
- Einstakur hlýhugur
- Ef nýrun gefa sig
- Styrktarsjóður



HAUSTFAGNAÐUR - frásögn og fleiri myndir á nyra.is

NÆSTU STUÐNINGSFUNDIR

Tengslahóps

nýrnasjúkra og aðstandenda þeirra

Reykjavík: miðvikudaginn 8. desember
í kaffistofu starfsmanna á 1. hæð í Hátúni 10b.

Fundurinn hefst kl. 19:30

Akureyri: miðvikudaginn 24. nóvember í
safnaðarheimli Akureyrarkirkju.

Fundurinn hefst kl. 20:00

Nánari upplýsingar á nyra.is og í síma 896 6129

Félag nýrnasjúkra

Hátúni 10b 105 Reykjavík Sími 561 9244

Netfang: nyra@nyra.is – vefsíða: www.nyra.is

Kæru félagar

Það er með mikilli ánægju sem öllum félagsmönnum er sendur mynddiskur af fræðslumyndinni *Ef nýrun gefa sig* sem félagið lét gera. Nánari upplýsingar á baksíðu.

Eins og fram kemur hér á opnunni munu verða haldnir tónleikar til styrktar félaginu í byrjun desember. Það er Lionsklúbburinn Ásbjörn í Hafnarfirði sem sýnir félaginu þessa einstöku velvild.

Aldrei áður hefur félagið fengið slíkt boð og er stjórnin afar þakklát fyrir þennan mikla stuðning og skilning á starfi félagsins. Nú er það okkar allra að troðfylla Víðistaðakirkju 11. desember og njóta stórkostlegra aðventutónleika.

Haustrfagnaður félagsins var um miðjan október og tókst afar vel. Félagar fjölmenntu og tóku með sér gesti. Sjáið myndir á nrya.is.

Nýlega var haldið námskeið fyrir tengla Tengslahóps nýrnasjúkra og aðstandenda þeirra. Það er liður í því að gera tengslahópin sterkari og betur til þess fallinn að sinna hlutverki sínu að styðja nýrnasjúka og aðstandendur þeirra.

Þetta er síðasta fréttabréf ársins og ég óska félagsmönnum innilega gleðlilegra jóla.

Jórunn Sörensen

STYRKTARSJÓÐUR

Félagið rekur styrktarsjóð sem meðal annars aflar tekna með sölu minningarkorta og heillaskeyta. Í 2. gr. í reglum sjóðsins segir:

Tilgangur sjóðsins er að aðstoða nýrnasjúka á margvíslegan hátt, svo sem með styrkveitingum til efnalítilla einstaklinga og styrkjum til að afla þekkingar í þágu nýrnasjúkra og til að byggja upp og bæta tækjakost á skilunardeild og nýrnadeild.

Nýrnasjúkum og aðstandendum þeirra er bent á að kynna sér reglur sjóðsins.

STYRKTARTÓNLEIKAR

Laugardaginn 11. desember nk. heldur Lionsklúbburinn Ásbjörn í Hafnarfirði tónleika til styrktar félaginu.

Tónleikarnir verða í Víðistaðakirkju í Hafnarfirði og hefjast klukkan 17:00.

Fram koma 5 kórar:

- Karlakórinn Þrestir
- Kvennakór Hafnarfjarðar
- Kammerkór Hafnarfjarðar
- Flensborgarkórinn
- Kór Öldutúnsskóla

Egill Friðleifsson skipuleggur tónleikana.

Aðgöngumiðar fást í gleraugnaversluninni Augastaður, Firði. Miðinn kostar 2000 krónur.



EINSTAKUR HLÝHUGUR

Jóhanna Oddgeirsdóttir varð sjötug í haust. Hún sýndi félaginu þann einstaka hlýhug að óska eftir því að í stað persónulegra gjafa gæfu vinir hennar fjárhæð til styrktar félaginu. Stjórnin þakkar Jóhönnu af heilum hug.

Örfáir eiga enn ógreitt félagsgjald fyrir árið 2010 og skulda jafnvel líka félagsgjald fyrir árið 2009. Við biðjum það fólk að gera skil sem fyrst og leggja argjaldið 2000 kr. inn á reikning: 0115-26-018061.